

Gullbrúðkaupskveðja

til

Guðbjargar og Túbals í Múlakoti

28. júní 1943

Ég kemst ekki til þess að taka í höndina á þeim,
sem tíðast mig glöddu á æfinnar langa vegi,
en þið megið vita, að hugur minn leitar samt heim
í Hlíðina fögru á þessum minningardegi.

Og langt er nú síðan, að saman þið hófuð för,
og saman hafið þið lifað brosin og tárin.
Og það eru margir og þið munuð verða þess vör,
sem vildu mega þakka' ykkur liðnu árin.

Því ykkur var gefið að græða og hlúa að, -
og getur nokkuð hlutskifti yndislegra,
en hafa varið allri æfinni' í það
að auðga lífið og gera það hlýrra og fegra?

Og þið hafið bæði blómanna ljúfu gætt,
en best voru þau, sem tryggð ykkar gróðursetti
í hjörtum allra þeirra, sem þið hafið mætt,
og þar á hönd ykkar marga fallega bletti.

Þið fenguð að lifa fagran og langan dag
Og friður Drottins um síðustu spor ykkar vaki.
Hann gefi ykkur yndislegt sólarlag,
með annan og dýrðlegri morgun að fjallabaki

Tómas Guðmundsson (handrit)